

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um Barnabókamessu

Skóla- og frístundaráð leggur til að haldin verði Barnabókamessa í þriðja sinn í samstarfi Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO og Félags íslenskra bókaútgefenda þar sem kynntar verði nýjar íslenskar barna- og unglingsbækur. Fulltrúum skólasafna grunnskóla og leikskóla í borginni verði gefinn kostur á því að kynna sér bækurnar, ræða við höfunda og útgefendur og þeim verði tryggt sérstakt fjármagn til að kaupa titla að eigin vali fyrir bókasöfn starfsstöðvanna á sérstöku kynningarverði. Barnabókamessan verði haldin dagana 11.-12. nóvember 2019 undir stúku Laugardalsvallar. Lagt er til að sérstök fjárveiting til grunnskóla og leikskóla vegna Barnabókamessunnar verði alls 9 milljónir, sem rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Greinargerð:

Á árinu 2017 gengu skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Félag íslenskra bókaútgefenda til samstarfs um verkefni til að glæða áhuga barna og ungmenna á bóklestri. Ákveðið var að efna til viðburðar í lok október sem fékk heitið Barnabókamessa, þar sem nýjar barna- og unglingsbækur voru kynntar, með áherslu á nýjar bækur eftir íslenska höfunda. Skóla- og frístundaráð samþykkti 7 milljóna króna viðbótarfjárveitingu til skólasafna og leikskóla af þessu tilefni og gafst þeim því kostur á að bæta bókakost sinn með því að panta bækur á messunni á sérstöku kynningarverði. Barnabókamessan var haldin öðru sinni í nóvember 2018 og voru þá gerðar ákveðnar breytingar á tilhögun, opnunartíma og staðsetningu messunnar til að auka hagræða og bæta aðgengi. Almenn ánægja var með framtakið og þær breytingar sem gerðar voru milli ára. Hagstæð kjör og sérstök fjárveiting skipta miklu máli til að allir nemendur geti notið þess að fá nýjar og skemmtilegar bækur þegar mesta umræðan er um bækur rétt fyrir jólin. Starfsfólk skólasafnanna lýsti yfir ánægju með að hægt væri að skoða allar nýjar útgáfur á einum stað auk þess sem tækifæri gafst til að ræða við höfunda og útgefendur á staðnum.

Lagt er til að Barnabókamessan 2019 verði haldin mánudaginn 11. nóvember og þriðjudaginn 12. nóvember frá kl. 13-16 og verður fulltrúum skólasafna grunnskóla og fulltrúum leikskóla boðið að sækja viðburðinn. Tímasetning messunnar í ár tekur mið af því að þá má ætla að flestir útgáfutitlar verði komnir á markaðinn en hægt verður að panta allar bækur sem tilbúnar eru til afhendingar á staðnum. Lagt er til að fjárveiting til grunnskóla og leikskóla vegna Barnabókamessunnar verði sú sama og á síðasta ári eða alls 9 milljónir króna. Sú fjárveiting rúmast innan fjárheimilda sviðsins.

Félag íslenskra bókaútgefenda mun senda út verðlista ásamt kynningartexta og kápumyndum úr Bókatíðindum 2019 þann 6. nóvember. Þannig gefst gestum messunnar kostur á að skipuleggja kaup sín að öllu eða einhverju leiti og þeim sem ekki komast á staðinn býðst að senda pantanir fram til hádegis mánudaginn 11. nóvember.